

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/61/EB

frá 20. október 1997

um breytingu á viðaukanum við tilskipun 91/492/EBE um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í V. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE eru sett viðunandi mengunarmörk fyrir tvær tegundir sjávareiturs sem eru hættulegar heilsu manna.

Niðurstöður vísindarannsókna sýna að á svæðum þar sem samlokur (tvískelja lindýr) eru ræktaðar fyrirfinnst nú nýtt sjávareitur, þörungaeitur sem veldur minnisleysi („Amnesic Shellfish Poisoning“, ASP), sem kann að stofna heilsu neytenda í hættu.

Kröfurnar um almannaheilbrigði varðandi lifandi samlokur (tvískelja lindýr) sem settar eru í V. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE ber að aðlaga til að taka tillit til þessa nýja sjávareiturs.

Setja ber ný viðunandi mengunarmörk fyrir þetta nýja sjávareitur til að vernda almannaheilbrigði.

Reynslan hefur sýnt að í skráningarskjalinu, sem gefið er út til að bera megi kennsl á framleiðslulotur af lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) og kveðið er á um í 6. lið II. kafla viðaukans við tilskipun 91/492/EBE, ættu að vera upplýsingar um heilbrigðisástand upprunasvæðis og þá hreinsun og umlagningu á samlokunum sem átt hefur sér stað.

Nauðsynlegt er að geta rakið uppruna samloka (tvískelja lindýra) sem eru settar á markað. Þess vegna skal vera mögulegt að tengja upplýsingarnar á skráningarskjalinu við hverja framleiðslulotu, sem er sett á markað, í skrá sem er færð á hverri afgreiðslustöð.

Ef skráningarskjalið er staðlað er auðveldara fyrir rekstrar- og skoðunaraðila að skilja það, burtséð frá því á hvaða tungumáli það er ritað. Framkvæmdastjórninni ber að taka upp slíkt skjal.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 268, 24. 9. 1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Viðaukanum við tilskipun 91/492/EBE er breytt sem hér segir:

1. í stað 6. liðar II. kafla komi eftirfarandi:

„6. Að beiðni veiðimanns skal lögbæra yfirvaldið gefa út skráningarskjöl til að bera megi kennsl á framleiðslulotur af lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) á meðan á flutningi stendur frá framleiðslusvæði til afgreiðslu- eða hreinsunarstöðva, umlagningarsvæða eða vinnslustöðva. Fyrir hverja framleiðslulotu er veiðimanni skylt að fylla út á læsilegan og óafmáanlegan hátt viðeigandi hluta skráningarskjalsins þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

- kenni veiðimanns og heimilisfang,
- veiðidagur,
- staðsetning framleiðslusvæðis, lýst eins nákvæmlega og unnt er eða skilgreind með kenninúmeri,
- heilbrigðisástand framleiðslusvæðis, eins og um getur í I. kafla,
- skelfisktegund og magn, tilgreint eins nákvæmlega og unnt er,
- löggildingarnúmer og ákvörðunarstaður þar sem innþökkun, umlagning, hreinsun eða vinnsla fer fram.

Veiðimaður skal dagsetja og undirrita skráningarskjalið.

Skráningarskjölin skulu ætíð númeruð og skal númeramerkingin vera í rétttri röð. Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá þar sem númerin í skráningarskjölunum eru tilgreind ásamt nöfnum þeirra sem veiða lifandi samlokur (tvískelja lindýr) og sem skjölin hafa verið gefin út fyrir. Skráningarskjal fyrir hverja framleiðslulotu af lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) skal vera með dagstimpli við afhendingu til afgreiðslu- eða hreinsunarstöðvar, umlagningarsvæðis eða vinnslustöðvar og skulu stjórnendur slíkra stöðva, svæða eða vinnslustöðva halda því til haga í að minnsta kosti tólf mánuði. Auk þess er veiðimanni skylt að halda því jafnlengi til haga.

Ef veiðarnar fara fram á vegum starfsfólks afgreiðslu- eða hreinsunarstöðvarinnar, umlagningarsvæðisins eða vinnslustöðvarinnar sem tekur á móti aflanum er þó heimilt að láta varanlegt flutningsleyfi, sem lögbæra yfirvaldið veitir, koma í stað skráningarskjalsins. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunarinnar tekur framkvæmdastjórnin upp staðlað skráningarskjal með tilvísunum til þeirra krafna sem í því felast og um getur í II., III. og IV. kafla þessa viðauka.“;

2. í stað 9. liðar III. kafla komi eftirfarandi:

„9. eftir veiðar úr umlagningarsvæði skal skráningarskjalið, sem framkvæmdastjórnin gefur út sýnishorn af í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunarinnar, fylgja framleiðslulotunum meðan á flutningi stendur frá umlagningarsvæði til viðurkenndrar afgreiðslu-, hreinsunar- eða vinnslustöðvar og skal þar koma fram, auk þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 6. lið II. kafla viðaukans, meðal annars staðsetning og löggildingarnúmer umlagningarsvæðisins, umlagningartími og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera kennsl á og rekja uppruna afurðarinnar.

Þessa kröfu þarf þó ekki að uppfylla þegar sama starfslið ber ábyrgð á umlagningarsvæðinu og afgreiðslu-, hreinsunar- eða vinnslustöð.“;

3. í stað annars undirliðar 13. liðar III. þáttar IV. kafla komi eftirfarandi:

„Hreinsunarstöðvar, sem afgreiða framleiðslulotur af lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) til afgreiðslustöðva, verða að leggja fram skráningarskjal sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunarinnar og skal þar koma fram, auk þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 6. lið II. kafla viðaukans, meðal annars löggildingarnúmer og pósthfang hreinsunarstöðvarinnar, dagsetning viðtöku og brottflutnings úr hreinsunarstöðinni og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera kennsl á og rekja uppruna afurðarinnar.“;

4. í stað 4. liðar IV. þáttar IV. kafla komi eftirfarandi:

„4. Afgreiðslustöðvarnar skulu hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar handa lögbæru yfirvaldi:

- niðurstöður örverufræðilegra prófana á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) frá viðurkenndu framleiðslusvæði, umlagningarsvæði eða hreinsunarstöð,

- dagsetningar og magn lifandi samloka (tvískelja lindýra) sem tekið er á móti í afgreiðslustöðinni og samsvarandi skráningarskjöl,
- atriði varðandi afgreiðslu, þar með talin nöfn og pósthfang viðtakenda, dagsetningar og magn lifandi samloka (tvískelja lindýra) sem afgreiddar eru og samsvarandi númer í viðtökuskráningarskjölunum.

Þessar upplýsingar skal skrá í tímaröð og geyma eins lengi og lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um, þó ekki skemur en tólf mánuði.“;

5. eftirfarandi liður bætist við í V. kafla:

„7a. Magn þörungaeiturs sem veldur minnisleysi (ASP) í neysluhæfum hluta samlokunnar (öllum hlutanum eða hluta sem neytt er sérstaklega) má ekki fara yfir 20 mikrógrömm af dómínsýru í hverju grammi í samræmi við HPLC-aðferðina.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 20. október 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

F. BODEN

forseti.